

Ytra mat grunnskóla

Grunnskóli

Húnapings vestra

mars 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Húnaþing vestra.

Höfundar: Unnar Þór Böðvarsson og Halldóra Kristín Magnúsdóttir

© Menntamálastofnun, 2019

ISBN 978-9979-0-2338-8

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Grunnskóla Húnaþings vestra, Hvammstanga	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla	13
2.1 Inntak og námskrá	13
2.2. Árangur náms	13
2.3 Gæði kennslu	17
2.4 Skipulag náms.....	17
2.5 Námsvitund	19
2.6 Ábyrgð og þátttaka	19
Þáttur 3 – Innra mat	21
3.1 Skipulag.....	21
3.2 Framkvæmd.....	21
3.3 Umbætur	21
Þáttur 4 – Læsi.....	23
4.1 Stefnumörkun.....	23
4.2 Samvinna heimila og skóla í lestri.....	23
4.3 Nám við hæfi hvers og eins	23
4.4 Lesfimi/lesskilningur	23
4.5 Markmiðsetning/námsmat	23

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskóla Húnaþings vestra sem fór fram á vorönn 2019. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *læsi*.

Styrkleikar í stjórnun

- Stjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans í samvinnu við kennara.
- Starfsáætlunin er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og er birt á heimasíðu.
- Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu.
- Litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starfið í skólanum.
- Foreldrasamstarf skapar jákvæða ímynd í samfélaginu og styrkir skólastarfið.
- Samstarf við leik- og tónlistarskóla eru talsverð og skráð í starfsáætlun.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss, svo sem starfsnám og heimsóknir.
- Greint er frá helstu þróunarverkefnum skólaársins í starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun skólans byggir á stefnu skólans og nær til allra starfsmanna.
- Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og störf stjórnenda farsæl.
- Daglegt starf er vel skipulagt og ágreiningur leystur ef upp kemur.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun og vörslu persónuupplýsinga.
- Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Stjórnendur leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist í störfum þeirra til að tryggja sem best gæði náms og kennslu.
- Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafi möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Huga að því að allir hagsmunaaðilar taki þátt í stefnumótun skólans.
- Tryggja þarf aðgengi allra starfsmanna að samráðs- og starfsmannafundum.
- Gera skólanámskrá sem uppfyllir viðmið aðalnámskrár.
- Tryggja að sérstaða skólans sé ljós öllum hagsmunaaðilum.
- Skrá þarf samskipti við framhaldsskóla í skólanámskrá.
- Huga þarf að skólabókasafni í skólahúsnæðinu.
- Skólaráð setji sér starfsreglur og birti fundargerðir opinberlega.
- Skólaráð haldi árlega opinn fund með hagsmunaaðilum skólastarfsins.
- Skrá í skólanámskrá ferli við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra og nemenda.
- Tímasetja þróunarverkefni í umbótaáætlun.
- Tengja símenntunaráætlun við umbótaverkefni.
- Gera grein fyrir verkaskiptingu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og birta á heimasíðu.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Skrá ábyrgðaraðila þróunarverkefna.

- Huga þarf að stefnu um heilsuefningu starfsmanna.
- Vinna móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.
- Gera þarf tilfærsluáætlun við skólalok og milli skóla.

Styrkleikar í námi og kennslu

- Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í skipulagi og störfum í skólanum.
- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með einstaklingsnámskrá.
- Foreldrar eiga aðkomu að gerð einstaklingsnámskráa á vinnslustigi.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til margra þátta.
- Opin rými og gangar eru vel nýttir til náms.
- Áhersla er á að skólinn mæti fjölbreyttum þörfum nemenda í námi, m.a. með fjölbreyttum kennsluáferðum og list- og verknámi.
- Grenndarsamfélag skólans er nýtt í skólastarfinu.
- Námsmat er fjölbreytt.
- Í námsvísium geta nemendur séð markmið og/eða viðfangsefni í námi.
- Nemendum er ljóst að þeir geta nýtt mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni.
- Nemendur þjálfast í sjálfsmati.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Á bekkjarfundum þjálfast nemendur í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Fundargerðir bekkjarfunda birtast á heimasíðu.
- Lestrar- og stærðfræðistefna hefur verið unnin og sett fram með viðmiðum um árangur.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Tryggja þarf lögbundna kennslu í list- og verkgreinum á öllum aldurstigum.
- Tryggja skal samræmi milli viðmiðunarstundaskrár í starfsáætlun og vikulegs tímafjölda námsgreina á stundaskrá.
- Setja skal inn í stundatöflur á elsta stigi list- og verkgreinar, óháð vali.
- Samræma uppsetningu á markmiðum og leiðum í árganganámskrám/námsvísium og í kennsluáætlunum.
- Gera grein fyrir markmiðum náms og tengslum við aðalnámskrá í námsvísium.
- Láta koma fram í námsvísium/kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað.
- Huga að því að nemendur séu með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þegar við á.
- Þjálfa nemendur markvisst í að setja sér markmið og nýta í náminu.
- Vinna að því að ná stöðugleika í samræmdum prófum í fjórða og sjöunda bekk og bæta árangur í prófunum á elsta stigi.
- Fjölga verkefnum þar sem nemendum gefst kostur á að tengja námið sínu áhugasviði.

Styrkleikar í innra mati

- Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt.
- Áætlun um innra mat til næstu þriggja ára liggur fyrir.
- Val matsþátta byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum.

- Matsframkvæmd er endurmetin reglulega.
- Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum helstu hagsmunaaðila.
- Innra mat skólans byggir á margvíslegum upplýsingum.
- Sjálfsmatsskýrslur eru opinberar á heimasíðu og aðgengilegar öllum.
- Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja á innra mati.
- Matsniðurstöður hafa áhrif á starfshætti.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer reglulega fram.
- Mat á líðan nemenda í öllum árgöngum fer fram reglulega á hverju skólaári.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Fjalla ætti um í skólanámskrá helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Setja í starfsáætlun hvaða þættir eru skoðaðir í innra mati á skólaárinu.
- Tryggja þarf aðkomu allra hagsmunaaðila að innramatssteymi.
- Leggja reglulega mat á kennslu og fagmennsku kennara.
- Skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að í öllum þáttum innra mats.
- Setja tímasetningar í umbótaáætlun.
- Bera umbótaáætlun formlega undir skólaráð.
- Gera þarf innramatsáætlun til eins árs.

Styrkleikar í læsi

- Metnaðarfull læsisstefna er til staðar.
- Niðurstöður prófa eru nýttar til þróunar og eflingar lestrarkennslu.
- Mikil áhersla er lögð á samstarf við heimilin í lestri.
- Virk eftirfylgni er með heimalestri.
- Lestur og lestrarnám fer fram alla skólagönguna.
- Í skólanum fer fram snemmtæk íhlutun í lestri.
- Nemendur eru þjálfaðir í framsögn, upplestri og tjáningu.
- Fylgst er markvisst með árangri skólans og nemenda.
- Framfarir í lestri í öllum árgöngum samkvæmt lesfímimælingum í janúar síðastliðnum og framúrskarandi árangur í fjórða og sjöunda árgangi.

Tækifæri til umbóta í læsi

- Huga að ólíkum árangri kynjanna í lestri (sbr. PISA 2003, 2006, 2009, 2012)
- Huga að þjálfun í hraðlestrartækni á unglingastigi.
- Gera ráð fyrir skólabókasafni í skólahúsnæðinu.
- Þjálfva nemendur í að setja sér markmið í lestri.
- Setja inn í lestrarstefnu reglulegar mælingar á lesskilningi.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahtutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Grunnskóla Húnaþings vestra, Hvammstanga.

Grunnskóli Húnaþings vestra var stofnaður árið 2000 með sameiningu Barnaskóla Staðarhrepps, Grunnskóla Hvammstanga, Laugarbakkaskóla og Vesturhópsskóla. Skólinn var aldursskiptur á þann hátt að 1.-4. bekk var kennt á Hvammstanga og Borðeyri en 5.-10. bekk á Laugarbakka til haustsins 2014.

Frá og með haustinu 2014 var öllum nemendum kennt á Hvammstanga, en mánudaga til miðvikudaga var nemendum í 1. - 4. bekk í fyrrum Bæjarhreppi kennt á Borðeyri. Frá og með haustinu 2017 er öllum nemendum kennt á Hvammstanga.

Í skólanum eru 155 nemendur á vorönn 2019. Á Hvammstanga stendur nemendum í 1.-6. bekk til boða frístund frá því að skóladegi lýkur til kl. 16:00. Eldri nemendum stendur frístund einnig til boða ef eftir því er leitað.

Einkunnarorð skólans eru: Góður skóli, gjöful framtíð! Einnig hafa starfsmenn sett sér að starfið í skólanum einkennist af:

Hreysti, Útsjónarsemi, Nærgætni, Andríki, Þegnskapur, Iðni, Nám, Gleði út frá orðinu **HÚNAÞING**.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	8	14	12	13	17	17	20	11	28	15
Fjöldi bekkjardeilda	1	1	1	1	1	1	1	1	2	1
Samkennduhópar, ef við á.				Kynjaskipt er í íþróttir og stærðfræði á mið- og unglingsstigi.						

Starfsmenn Grunnskóla Húnaþings vestra eru 41. Stjórnendur eru 2, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Kennarar eru 22, stöðugildi kennara eru 16,5, þar af eru stöðugildi leiðbeinenda 1,1. Aðrir starfsmenn eru 17 í 14 stöðugildum. Við skólann starfa einnig þroskaþjálfari og námsráðgjafi í 50% starfi hvor.

Einn nemandi er af erlendum uppruna í vetur en enginn nemandi stundar nám á öðru skólastigi. Enginn nemandi fær kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, fjórir nemendur eru með einstaklingsnámskrá og 17 fá sérkennslu og aðlagað námsefni.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans í samvinnu við kennara. Aðrir hagsmunaaðilar, svo sem aðrir starfsmenn, foreldrar og nemendur koma þar lítið að. Stefna sveitarfélagsins er sýnileg í stefnu skólans og er birt á heimasíðu hans. Heildstæð skólanámskrá sem uppfyllir viðmið aðalnámskrár er ekki til staðar. Lykilþættir sem eiga að vera í skólanámskrá ásamt námsvísium nemenda með markmiðum, inntaki og skipulagi náms eru á heimasíðunni. Starfsáætlun er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og er hún birt á heimasíðu.

Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku og leitast við að stefnan skili sér í daglegu skólastarfi. Í rýnihópum kom fram að stefna skólans er kynnt á skólasetningum en sérstaða skólans var viðmælendum ekki ljós. Í áætlunum um nám og kennslu er ekki gerð grein fyrir hvernig unnið er með stefnu skólans.

Í daglegu tali og fréttáflutningi leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfinu.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur stuðla að markvissri starfsþróun kennara, bæði formlega og óformlega og sjá til þess að þeir hafi tækifæri til að taka þátt í samstarfsverkefnum út fyrir skólann. Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu m.a. með reglulegum fundum með starfsfólki. Tryggja þarf aðgengi allra starfsmanna að samráðs- og starfsmannafundum.

Stjórnendur fylgjast með og sjá um að niðurstöður ytra gæðamats s.s. varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra séu skráðar og nýttar til að efla starf skólans. Starfsmenn finna að lítið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur og finnst lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starfið í skólanum. Símenntunaráætlun sem byggir á stefnu skólans nær til allra starfsmanna og innan hennar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum og vinna að því að skapa jákvæða ímynd í samfélaginu. Stjórnendur hlusta eftir röddum grenndarsamfélagsins og leitast við að auka áhrif hagsmunaaðila í stefnumótun og ákvarðanatöku.

Formlegar samskiptaleiðir eru skráðar í starfsáætlun og efnt er reglulega til formlegra og óformlegra funda með foreldrum þar sem annars vegar er rætt um einstaklinginn og hins vegar kynningarfundir þar sem leitast er við að auka áhrif foreldra á stefnumótun skólans.

Samstarf við leik- og tónlistarskóla eru talsverð og skráð í starfsáætlun. Upplýsingar um samskipti við önnur skólastig er ekki að finna í starfsáætlun. Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss, m.a. um verkefni nemenda, svo sem starfsnám og heimsóknir og eru skráð í starfsáætlun. Í starfsáætlun kemur fram að skólinn starfar með Héraðsbókasafni Vestur-Húnavatnssýslu að starfrækslu skólabókasafns á Héraðsbókasafninu. Bókakostur skólans er skráður í kerfi bókasafnsins og samstarf er haft um innkaup á bókum. Starfsmaður safnsins kemur í skólann og sér um skráningu og útlán í samstarfi við kennara skólans.

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og samkvæmt viðmælendum hefur verið fundað í skólaráði einu sinni á yfirstandandi skólaári. Skólaráð hefur ekki sett sér starfsáætlun, fundargerðir eru sendar í tölvupósti en tvær fundargerðir fyrri skólaára er að finna á heimasíðu skólans. Skólaráðið hefur ekki staðið fyrir árlegum opnum fundum fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð mælir fyrir um.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi stjórnenda. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur skólastarfsins og sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna í þær niðurstöður og eiga samræður um þróun og umbætur starfsins. Í starfsáætlun er skráð ferli við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra og nemenda. Einnig er í áætluninni listi yfir skimanir og kannanir sem nýttar eru til að athuga hvort nemendur þurfi sértæka aðstoð. Ekki er að finna í gögnum móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda né tilfærsluáætlun við skólalok og milli skóla.

Umbótaáætlun skólans byggir á stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðsluyfirvalda, svo og upplýsingum úr innra mati á starfinu. Greint er frá helstu þróunarverkefnum skólaársins í starfsáætlun en tímasetta áætlun verkefnanna er ekki að finna. Símenntunaráætlun hefur ekki skýra tengingu við umbótaáætlun 2018.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur fá tilskilinn skóla- og kennsludagafjölda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Kennslutími nemenda á yngsta stigi er 1200 mínútur á viku og miðstigi 1400 mínútur og er það samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Fastir tímar í stundatöflu áttunda til tíunda bekkja eru 1160 mínútur á viku. Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá eiga nemendur þessara bekkja að fá 1480 mínútur á viku. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra bætast við stundatöfluna 8 tímar á viku í vali. Þessir tímar eru val utan stundaskrár sem felast meðal annars í síðdegisvali, ferðalögum, metnu vali og fleiru.

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu. Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og störf stjórnenda eru farsæl. Daglegt starf er vel skipulagt og ágreiningur, ef upp kemur, leystur. Stjórnendur sjá til þess að verklag og áherslur séu í samræmi við lög og reglur. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur.

Á heimasíðu er skráð hvar nemendur eiga aðkomu að nefndum og ráðum, reglulega eru haldnir bekkjarfundir þar sem nemendur fá þjálfun í félagsmálum og fundargerðir fundanna eru birtar sem frétt á heimasíðu.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Stjórnendur leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist í störfum þeirra til að tryggja sem best gæði náms og kennslu.

Í starfsáætlun er erindisbréf skólastjóra byggt á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla. Full þörf er á að uppfæra erindisbréfið til nógildandi grunnskólalaga. Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli. Verkaskipting skólastjóra og aðstoðarskólastjóra er ekki skráð í starfsáætlun né á heimasíðu.

Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks, benda starfsmönnum á réttindi sín jafnt og skyldur. Starfsþróunarsamtöl fara fram minnst einu sinni á ári. Starfsmönnum er hrósað þegar við á en stjórnendur fylgjast ekki reglulega með störfum starfsmanna og veita þeim endurgjöf á störf sín.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og annarra í skólanum. Stjórnendur dreifa ábyrgð og gefa starfshópnum skýr skilaboð um umboð og ábyrgð.

Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu. Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafi möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Helstu verkefni skólaársins eru skráð í starfsáætlun en ekki koma fram ábyrgðaraðilar.

Í rýnihópum kom fram að ekkert skipulagt starf er til staðar hvað varðar heilsueflingu starfsmanna og stjórnenda.

Styrkleikar

- Stjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans í samvinnu við kennara.
- Starfsáætlunin er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár og er birt á heimasíðu.
- Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu.
- Litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starfið í skólanum.
- Foreldrasamstarf skapar jákvæða ímynd í samfélaginu og styrkir skólastarfið.
- Samstarf við leik- og tónlistarskóla eru talsverð og skráð í starfsáætlun.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss, svo sem starfsnám og heimsóknir.
- Greint er frá helstu þróunarverkefnum skólaársins í starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun skólans byggir á stefnu skólans og nær til allra starfsmanna.
- Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og störf stjórnenda farsæl.
- Daglegt starf er vel skipulagt og ágreiningur leystur ef upp kemur.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun og vörslu persónuupplýsinga.
- Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Stjórnendur leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist í störfum þeirra til að tryggja sem best gæði náms og kennslu.
- Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafi möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að allir hagsmunaaðilar taki þátt í stefnumótun skólans.
- Tryggja þarf aðgengi allra starfsmanna að samráðs- og starfsmannafundum.
- Gera skólanámskrá sem uppfyllir viðmið aðalnámskrár.
- Tryggja að sérstaða skólans sé ljós öllum hagsmunaaðilum.
- Skrá þarf samskipti við framhaldsskóla í skólanámskrá.
- Huga þarf að skólabókasafni í skólahúsnæðinu.
- Skólaráð setji sér starfsreglur og birti fundargerðir opinberlega.
- Skólaráð haldi árlega opinn fund með hagsmunaaðilum skólastarfsins.
- Skrá í skólanámskrá ferli við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra og nemenda.
- Tímasetja þróunarverkefni í umbótaáætlun.
- Tengja símenntunaráætlun við umbótaverkefni.
- Gera grein fyrir verkaskiptingu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og birta á heimasíðu.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Skrá ábyrgðaraðila þróunarverkefna.
- Huga þarf að stefnu um heilsueflingu starfsmanna.
- Vinna móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.
- Gera þarf tilfærsluáætlun við skólalok og milli skóla.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í skipulagi og störfum í skólanum. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda. Reynt er að veita sérhverjum nemenda nám og kennslu í samræmi við ákvæði laga og áherslur aðalnámskrár.

Í framtíðarsýn skólans kemur fram að: *Grunnskóli Húnaþings vestra er skóli sem býður nemendum nám við sitt hæfi með fjölbreyttum námsleiðum. Skólinn stuðlar að heilbrigðu sjálfstrausti og veitir nemendum tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélagi okkar. Jafnframt er skólinn hjarta samfélagsins og stolt þess. Í skólanum gætum við þess að virða okkur sjálf, aðra og umhverfi okkar og skólasamfélagið einkennist af glaðbeittum og sjálfsöruggum einstaklingum. Skólinn er framsækinn og óhræddur við að þróast og breytast, skóli sem lærir.*

Árganganámskrár/námsvísar eru á heimasíðu og kennsluáætlanir birtar í mentor. Í árganganámskrám/námsvísunum og í kennsluáætlunum er ósamræmi í uppsetningu, sums staðar eru sett fram markmið en vantar leiðir, annars staðar viðfangsefni en vantar markmið. Ekki kemur fram í námsvísunum hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein.

Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá. Umsjónarkennari ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár í samvinnu við sérkennara, foreldrar eiga aðkomu að gerð einstaklingsnámskráa á vinnslustigi en að jafnaði koma nemendur ekki að gerð þeirra. Stuðningur er mjög fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu. Verkefni, viðfangsefni og úrræði veita stuðning og reynt er að hafa þau hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. Sérkennslan fer fram ýmist innan eða utan bekkjar og er stuðningur við nemanda eða nemendahóp.


2.2. Árangur náms

Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum. Nemendur gera ráð fyrir að ná árangri í námi. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum með það að markmiði að bæta hann. Viðmið um árangur sem tengjast lestri og stærðfræði eru skráð og öllum aðgengileg á heimasíðu.

Samræmd könnunarpróf


Hér er birt uppsafnað meðaltal fyrir fjórða og tíunda bekk þar sem fjöldi nemenda í skólanum er undir viðmiðum um birtingu einstök ár.

4. bekkur




Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku sýnir að hann dalaði aðeins á árunum 2015-2016 og fór undir landsmeðaltal en við síðustu mælingu jókst hann aftur og mældist við meðaltal. Árangur í stærðfræði hefur verið rétt við landsmeðaltal undafarin ár en uppsafnað meðaltal fyrir 2017-2018 sýnir að hann dalar lítillega og fer rétt undir meðaltal.

7. bekkur




Árangur 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði dalaði 2016-2017 og fór undir landsmeðaltal en við síðustu mælingu 2018 jókst árangurinn í báðum fögum og mældist yfir meðaltali.

9. bekkur




Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda var undir landsmeðaltali í öllum metnum fögum.

10. bekkur




Árangur í 10. bekk í íslensku hefur verið rétt fyrir ofan meðaltal þegar uppsafnað meðaltal er skoðað en dalaði 2015-2017 og mældist undir meðaltali. Árangur í stærðfræði og ensku hefur verið undir meðaltali en hefur haldist nokkuð svipaður í báðum fögum frá 2013 til 2017.

Árangur árganga



Þegar árangri árganga í íslensku er fylgt eftir þá sést að hann er mjög misjafn milli árganga en flestir árgangar mælast í kringum landsmeðaltal. Árangur í stærðfræði er einnig mjög breytilegur milli árganga. Það virðist vera tilhneiging að þeir árgangar sem mælast yfir landsmeðaltali í 4. bekk dali í mælingu í 7. bekk en öfugt hjá þeim sem mælast undir meðaltali.

Lesferill




Allir árgangar náðu að meðaltali fyrsta viðmiði Menntamálastofnunar í mælingu í janúar 2019. Framúrskarandi árangur náðist í fjórða og sjöunda bekk en nemendur þeirra bekkja náðu að meðaltali öðru viðmiði Menntamálastofnunar og eru töluvert yfir landsmeðaltali.

2.3 Gæði kennslu

Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti. Í starfsáætlun kemur fram í skýringum með stefnukorti að áhersla er lögð á að skólinn mæti fjölbreyttum þörfum nemenda í námi, m.a. með fjölbreyttum kennsluaðferðum og list- og verknámi. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn. Almennt er tími nemenda vel nýttur. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og þörfum nemenda.

Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum sérhvers nemanda, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum um árangur. Þróunarverkefni er í gangi hvað varðar nýtt námsmat og samkvæmt áætlun verkefnisins verður það tekið upp í skólanum skólaárið 2019-2020.

Í rýnihópi kennara kom fram að engin áætlun er til hvað varðar bráðgera nemendur en jafnframt kom fram að dæmi er um að nemendur í 10. bekk stundi nám á framhaldsskólastigi.




Á vettvangi voru metnar 24 kennslustundir og meiri hluti þeirra metnar góðar, fjórar voru metnar frábærar og fjórar þarfnast úrbóta. Eins og sjá má í töflunni hér fyrir ofan var 46% kennslustunda fræðandi (bein kennsla) en 25% það sem kallað er leiðbeinandi (lausnamiðuð kennsla). Tæplega 30% kennslustunda var metin blönduð kennsla. Af þessu má sjá að matsmenn sáu góð dæmi um fjölbreytta kennsluhætti.

2.4 Skipulag náms

Kennarar/kennarateymi vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/eða þvert á árganga. Skólahúsnæðið er þröngt og unnið er að undirbúningi stækkunar, en kennarar skipuleggja nám og nýta aðstæður vel til samvinnu nemenda í námi. Matsmenn á vettvangi tóku sérstaklega eftir því hvernig húsgögnum og námsgögnum er komið fyrir í opnum rýmum og á göngum og eru þessi svæði mjög vel nýtt til náms. Skipulag náms gerir ráð fyrir að nýta aðstæður til samvinnu nemenda í námi.

Nemendur fá svigrúm til umræðna og vita að skoðanaskipti eru hluti af námsferli. Umsjónarkennari fylgist markvisst með framförum og líðan allra nemenda og gerir þeim og foreldrum grein fyrir stöðu og næstu skrefum.



Í um 50% kennslustunda á vettvangi var um einstaklingsvinnu að ræða en skipulögð samvinnuverkefni í 17% kennslustunda og í 33% kennslustunda var um blandaða vinnu að ræða. Af þessu má sjá að vísir að samvinnuverkefnum er í um 50% kennslustunda. Í 33% kennslustunda á vettvangi nýttu nemendur sér upplýsingatækni að einhverju leyti en kennarar nýttu upplýsingatæknina í 29% þeirra kennslustunda sem matsmenn sátu.

Grenndarsamfélag skólans er að mati viðmælenda mikið nýtt í skólastarfinu, þar má nefna tónlistarskólann, leikskólann, Héraðsbókasafnið, félagsmiðstöðina og hin ýmsu fyrirtæki í sveitarfélaginu. Felst það m.a. í formlegu samstarfi og skipulögðum heimsóknum.

Endurskoða þarf stundatöflur bekkja með tilliti til viðmiðunarstundaskrár aðalnámskrár grunnskóla. Ekki eru uppfyllt viðmið í öllum námsgreinum, t.d. vantar upp á list- og verkgreinar á öllum stigum, á yngsta stigi eru samkvæmt talningu á stundatöflum kenndar 520 mínútur á viku í list- og verkgreinum en eiga að vera kenndar samtals í 900 mínútur á viku í 1.– 4. bekk. Á miðstigi eru kenndar 560 mínútur en á að kenna 840 mínútur samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Á elsta stigi er engin stund skilgreind í list- og verkgreinar á stundatöflu en boðið er upp á list- og verkgreinar í vali. Nemendur á elsta stigi eiga að fá kennslu í list- og verkgreinum sem nemur samtals 340 mínútum á viku. Tryggja þarf lögbundna kennslu í list- og verkgreinum á öllum aldurstigum.

Sú tilhögun að bjóða upp á kennslu í list- og verkgreinum í vali uppfyllir ekki hvorutveggja í senn að vera val og list- og verkgreinakennsla. Nemendum í 8.-10. bekk skal samkvæmt aðalnámskrá gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans þ.e.a.s. 870 mínútur á viku og þar við bætast 340 mínútur á viku í list- og verkgreinum.

Vikulegum tímafjölda námsgreina samkvæmt stundaskrá ber ekki saman við viðmiðundarstundaskrá skólans sem birt er í starfsáætlun skólaársins

2.5 Námsvitund

Nemendur þekkja styrkleika sína í námi, eru áhugasamir og nám þeirra tekur mið af námsvísunum. Nemendur eiga möguleika á að skoða markmið og/eða viðfangsefni í námsvísunum á heimasíðu og viðmið um árangur í lestrar- og stærðfræðistefnu. Nemendur fást við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni sem stuðla að virkri þátttöku og rökhugsun. Í rýnivíðtölum við nemendur könnuðust þeir ekki við að þeim væri kennt að setja sér markmið í námi eða taka þátt í að setja þau.

Nemendur og nemendahópar bera vaxandi ábyrgð, eftir aldri, á að velja viðfangsefni, þekkja leiðir að markmiðum og námsaðferðir. Nemendur læra að meta gæði vinnu sinnar og taka þátt í að meta eigin framfarir. Þeir eru hvattir til að taka frumkvæði og bera ábyrgð á eigin námi og framkomu.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Starfsfólk og nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendalýðræði birtist m.a. í að bekkjarfundir eru haldnir í hverjum bekk hálfsmánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Kassar fyrir tillögur að umræðuefni frá nemendum eru til staðar í öllum bekkjarstofum. Umsjónarkennarar bera ábyrgð á bekkjarfundum og fundargerðir bekkjarfunda eru birtar á heimasíðu. Í rýnihópi nemenda kom fram að þeir töldu sig geta haft áhrif á skólastarfið í gegnum bekkjarfundi. Nemendafélag og nemendafulltrúar í skólaráði eru virkir og upplýsa nemendur um málefni er þá varða.

Styrkleikar

- Menntastefna stjórnvalda endurspeglar skipulagi og störfum í skólanum.
- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með einstaklingsnámskrá.
- Foreldrar eiga aðkomu að gerð einstaklingsnámskráa á vinnslustigi.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til margra þátta.
- Opin rými og gangar eru vel nýttir til náms.
- Áhersla er á að skólinn mæti fjölbreyttum þörfum nemenda í námi, m.a. með fjölbreyttum kennsluáðferðum og list- og verknámi.
- Grenndarsamfélag skólans er nýtt í skólastarfinu.
- Námsmat er fjölbreytt.
- Í námsvísunum geta nemendur séð markmið og/eða viðfangsefni í námi.
- Nemendum er ljóst að þeir geta nýtt mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni.
- Nemendur þjálfast í sjálfsmati.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Á bekkjarfundum þjálfast nemendur í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Fundargerðir bekkjarfunda birtast á heimasíðu.
- Lestrar- og stærðfræðistefna hefur verið unnin og sett fram með viðmiðum um árangur.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf lögbundna kennslu í list- og verkgreinum á öllum aldurstigum.
- Tryggja skal samræmi milli viðmiðunarstundaskrár í starfsáætlun og vikulegs tímafjölda námsgreina á stundaskrár.
- Setja skal inn í stundatöflur á elsta stigi list- og verkgreinar, óháð vali.
- Samræma uppsetningu á markmiðum og leiðum í árganganámskrám/námsvísum og í kennsluáætlunum.
- Gera grein fyrir markmiðum náms og tengslum við aðalnámskrá í námsvísum.
- Láta koma fram í námsvísum/kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað.
- Huga að því að nemendur séu með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þegar við á.
- Þjálfarar nemendur markvisst í að setja sér markmið og nýta í náminu.
- Vinna að því að ná stöðugleika í samræmdum prófum í fjórða og sjöunda bekk og bæta árangur í prófunum á elsta stigi.
- Fjölga verkefnum þar sem nemendum gefst kostur á að tengja námið sínu áhugasviði.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt. Í skólanámskrá er ekki fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt. Áætlun um innra mat til næstu þriggja ára er sett fram í lok sjálfsmatsskýrslu 2018 en vantar að setja í starfsáætlun hvaða þættir eru skoðaðir í innra mati á skólaárinu. Skólastjóri sér um innra mat skólans, ákveður hvað er metið og hvenær og ber ábyrgð á matsskýrslu. Innramatsteymi var stofnað í apríl 2019, kennarar og aðrir starfsmenn eiga tvo fulltrúa hvor. Foreldrar og nemendur eiga ekki fulltrúa í innramatsteymi. Val matsþátta byggir á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum og er því skiljanlegt hagsmunaaðilum og utanaðkomandi.

Ekki er reglulega lagt mat á kennslu og fagmennsku kennara með mati skólastjórnenda eða jafningjamati kennara. Ekki eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að ef frá eru talin viðmið í lestri og stærðfræði í læsis- og stærðfræðistefnu skólans.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð skólastjóra. Ekki hefur verið til staðar formlegur farvegur fyrir hagsmunaaðila skólastarfsins til hafa áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats. Gott verklag er að innramatsteymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins hafi með höndum framkvæmd, val aðferða, úrvinnslu og skipulag innra mats. Samkvæmt sjálfsmatsskýrslu 2018 á að endurmeta reglulega matsframkvæmdina.

Innra mat skólans byggir á margvíslegum upplýsingum svo sem Skólapúlsinum, líðankönnunum, starfsmannasamtölum, nemendasamtölum og samræmdum prófum. Niðurstöður sem aflað er eru rýndar, ræddar og nýttar til umbóta og skólaþróunar. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á.

Nám og kennsla er metið reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara. Fyrir utan skimanir og kannanir sem snúa að námi og kennslu eru reglulega lagðar fyrir kannanir um líðan nemenda í öllum árgöngum. Bæði er um að ræða árlegar Olweuskannanir og líðankannanir Skólapúlsins.

3.3 Umbætur

Á heimasíðu skólans er að finna matsskýrslur aftur til ársins 2009. Á tímabilinu 2014–2019 liggur fyrir ein skýrsla merkt sjálfsmatsskýrsla 2018. Í skýrslunni er lýst framkvæmd innra mats, greint frá niðurstöðum og sett fram umbótaverkefni. Hins vegar er ekki hægt að sjá að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst þar sem ekki eru sett fram viðmið í innramatsáætlun skólans. Fyllsta trúnaðar við þátttakendur er gætt með því að afmá allar persónugreinanlegar upplýsingar úr greinargerðum.

Niðurstöður innra og ytra mats eru formlega kynntar hagsmunaaðilum og þeir taka þátt í samræðum um umbætur. Niðurstöður eru notaðar til umbóta. Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf

byggja á innra mati og öðrum gögnum um árangur skólstarfsins. Áætlun um umbætur er gerð og henni er fylgt eftir. Í áætluninni kemur fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum og hvernig árangur er metinn. Matsniðurstöður hafa áhrif á starfshætti. Flestir viðmælendur gátu nefnt dæmi um umbætur sem raktar eru til innra mats skólans.

Styrkleikar

- Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt.
- Áætlun um innra mat til næstu þriggja ára liggur fyrir.
- Val matsþátta byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum.
- Matsframkvæmd er endurmetin reglulega.
- Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum helstu hagsmunaaðila.
- Innra mat skólans byggir á margvíslegum upplýsingum.
- Sjálfsmatsskýrslur eru opinberar á heimasíðu og aðgengilegar öllum.
- Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja á innra mati.
- Matsniðurstöður hafa áhrif á starfshætti.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer reglulega fram.
- Mat á líðan nemenda í öllum árgöngum fer fram reglulega á hverju skólaári.

Tækifæri til umbóta

- Fjalla ætti um í skólanámskrá helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Setja í starfsáætlun hvaða þættir eru skoðaðir í innra mati á skólaárinu.
- Tryggja þarf aðkomu allra hagsmunaaðila að innramatsteymi.
- Leggja reglulega mat á kennslu og fagmennsku kennara.
- Skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að í öllum þáttum innra mats.
- Setja tímasetningar í umbótaáætlun.
- Bera umbótaáætlun formlega undir skólaráð.

Þáttur 4 – Læsi

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Fjórði þáttur er val sveitarfélags og skóla og er ekki tekinn með í prófílmmynd skólans.

4.1 Stefnumörkun

Sveitarfélagið hefur sett sér læsisstefnu í samvinnu við aðra grunnskóla í sýslunni. Unnið hefur verið eftir stefnunni frá hausti 2017. Lögð er áhersla á læsi og lestur með það að markmiði að nemendur öðlist þá hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesanda. Niðurstöður prófa eru nýttar á leiðbeinandi hátt til þróunar og eflingar lestrarkennslu.

4.2 Samvinna heimila og skóla í lestri

Í lestrarstefnunni er lýsing á samstarfi milli kennara og foreldra um heimanám í lestri. Mikil áhersla er lögð á samstarf við heimilin og allir árgangar eiga að skila heimalestri að lágmarki í tíu mínútur fjórum sinnum í viku. Samkvæmt stefnunni er brugðist við eftir ákveðnum ferlum ef heimalestur skilar sér ekki.

4.3 Nám við hæfi hvers og eins

Lestur og lestrarnám fer fram alla skólagönguna þar sem áhersla er á lestækni, lesfimi og lesskilning með það að markmiði að efla læsi almennt. Í skólanum fer fram snemmtæk íhlutun í lestri og séð er til þess að nemendur sem eiga erfitt með lestur fái tækifæri til náms þar sem leitað er leiða framhjá vandanum. Ekki kemur fram í lestrarstefnunni hvort hugað sé sérstaklega að ólíkum árangri kynjanna í lestri.

4.4 Lesfimi/lesskilningur

Nemendur öðlast reynslu af lestri fjölbreytts texta og lestri af fjölbreyttum miðlum. Þeir læra og geta beitt aðferðum við lestur og skilning og velja sér lesefni í tengslum við nám og áhuga. Ekki kemur fram í lestrarstefnunni að nemendur á unglíngastigi fái sérstaka þjálfun í hraðlestartækni. Miðað við metnaðarfulla læsisstefnu er mikilvægt að nemendur hafi aðgang að fjölbreyttu lestrarefni á skólabókasafni í skólahúsnæðinu.

4.5 Markmiðssetning/námsmat

Fylgst er markvisst með árangri skólans og nemenda og brugðist skjótt við erfiðleikum. Ekki verður séð að nemendur setji sér markmið í lestrarnáminu. Lesfímimælingar sýna að framfarir hafa orðið í öllum bekkjum samkvæmt mælingum í janúar síðastliðnum. Allir árgangar náðu að meðaltali fyrsta viðmiði Menntamálastofnunar. Framúrskarandi árangur hefur náðst í fjórða og sjöunda bekk en nemendur þeirra bekkja náðu að meðaltali öðru viðmiði Menntamálastofnunar og eru töluvert yfir landsmeðaltali. Ekki kemur fram í lestrarstefnu hvernig fylgst er með lesskilningi í eldri bekkjum.

Styrkleikar

- Metnaðarfull læsisstefna er til staðar.
- Niðurstöður prófa eru nýttar til þróunar og eflingar lestrarkennslu.
- Mikil áhersla er lögð á samstarf við heimilin í lestri.
- Virk eftirfylgni er með heimalestri.
- Lestur og lestrarnám fer fram alla skólagönguna.
- Í skólanum fer fram snemmtæk íhlutun í lestri.
- Nemendur eru þjálfaðir í framsögn, upplestri og tjáningu.
- Fylgst er markvisst með árangri skólans og nemenda.
- Framfarir í lestri í öllum árgöngum samkvæmt lesfímimælingum í janúar síðastliðnum og framúrskarandi árangur í fjórða og sjöunda árgangi.

Tækifæri til umbóta

- Huga að ólíkum árangri kynjanna í lestri (sbr. PISA 2003, 2006, 2009, 2012)
- Huga að þjálfun í hraðlestrartækni á unglingsstigi.
- Gera ráð fyrir skólabókasafni í skólahúsnæðinu.
- Þjálfar nemendur í að setja sér markmið í lestri.
- Setja inn í lestrarstefnu reglulegar mælingar á lesskilningi.
- Gera þarf innramatsáætlun til eins árs.